

Ársskýrsla Landsaðgangs að  
rafrænum gagnasöfnum og tímaritum  
2011

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>3</b>
<b>3.0 Samningar um landsaðgang</b> .....	<b>5</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>7</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>8</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>9</b>

*LANDSAÐGANGUR að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum* er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef Landsaðgangsins, eru veittar upplýsingar um gögnin, þar eru listar yfir tímarit í aðgangi og boðið upp á samleit að greinum í þeim rafrænu tímaritum sem aðgangur er að. Auk þess eru upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði í desember 2006 þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) um framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hann kemur í stað eldri samnings um sama efni sem hafði gilt í fjögur ár.

Ný lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn voru samþykkt í september 2011. Nýmæli er að eitt af verkefnum safnsins verður að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, meðal annars með því að annast framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í greinargerð með frumvarpinu segir að nú þyki rétt að lögfesta þetta hlutverk sem eitt af viðfangsefnum safnsins. Samhliða þessari breytingu yrðu fjárveitingar eða framlag ríkisins vegna þeirra áskrifta sem um ræðir í þessum aðgangi og framkvæmdar slíkra samninga hluti af fjárveitingum til starfsemi safnsins.

Á fjárlögum ársins 2011 var úthlutað 35,5 milljónum króna til Landsaðgangs í samræmi við þjónustusamninginn. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja, samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2011 var 221 milljón, þar af 10,6 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 210,4 milljónir. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2011 vegna stöðu krónunnar var 77,8 milljónir kr.

Árlega er einhver hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangsins, er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu var afskrifað í samráði við Ríkisendurskoðun vegna ársins 2006, tæpar 2 milljónir kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum hvar.is og ýmsu sem tengist landssamningum. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu og fjárumsýslu, vefmálum og verkefna vegna innleiðingar SFX krækjukerfisins, Primo Central Index og bX ábendingaþjónustunnar, auk tengingar við leitargáttina Leitir.is sem var opnuð í nóvember 2011. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt þjónustusamningnum hefur landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar. Hlutverk hennar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í Landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hvernar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgjast með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefnd hélt 10 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í kynningarfundum á vegum útgefenda. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Samkvæmt 3. gr. þjónustusamningsins skal ársfundur tilnefna fimm manna stjórnarnefnd til þriggja ára og var stjórnarnefnd síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2010-2013 eru Anna Torfadóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Andrea Jóhannsdóttir, Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís Hafstað, Sigurður Hafsteinsson, varamaður Baldvin Zariog og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Sveinn Ólafsson. Fanney Kristbjarnardóttir kom inn sem varamaður Sólveigar, þar sem Sveinn lét af störfum hjá Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Sveini eru færðar þakkir fyrir störf hans í þágu Landsaðgangsins, bæði sem umsjónarmaður 2003-2008 og sem fulltrúi í stjórnarnefnd.

### **Verkefni stjórnarnefndar**

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2011 og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2011. Meðal annarra verkefna má nefna eftirlit með innheimtu, greiðslum og afskriftum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi, samráð við menntamálaráðuneytið um fjármögnun Landsaðgangs, samskipti við birgja, umfjöllun um tilboð, vefmál o.fl. Á nokkrum fundum var rætt um ýmislegt í tengslum við stefnumótun, en ekki var ráðist í slíkt ferli m.a. vegna óvissu um stöðu verkefnisins.

Landsaðgangur varð þátttakandi í ICOLC (International Coalition of Library Consortia) árið 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Þá gerðist samlagið aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) árið 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Krafa er gerð um að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðalinn.

## **Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabólasafn**

Stjórnarnefndin skilaði inn umsögn um frumvarp til laga um Lbs-Hbs og lagði til breytingatillögu við grein 4.c. sem fjallaði um aðgang að erlendum gögnum og framkvæmd samninga um landsaðgang. Tekið var tilliti til breytingarinnar og skilaði hún sér inn í lögin.

## **Markáætlun og Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum**

Rannís útbjó samantekt í október 2011 fyrir Vísinda- og tækninefnd undir heitinu *Markáætlun og Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum*. Í samantektinni er gerð grein fyrir hvernig fjármunum sem upphaflega voru ætlaðir til nýrrar markáætlunar í rannsóknum var ráðstafað til Landsaðgangs og annarra verkefna. Það gerðist í kjölfar bankahrunsins og gengisfalls íslensku krónunnar. Umsjónarmaður og starfsmenn Lbs-Hbs útveguðu margs konar efni í samantektina og þar eru m.a. lagðar fram tillögur um áframhaldandi fjármögnun verkefnisins.

## **Leitir.is og Primo Central Index**

Í samvinnu við Landskerfi bókasafna var unnið að því að tengja áskriftir Landsaðgangs í gagnagrunninn Primo Central Index hjá fyrirtækinu ExLibris, en það býður upp á Aleph bókasafnskerfið sem Gegnir er í og Primo leitarvélina sem hefur fengið nafnið *Leitir.is* hér á landi. Þegar nýr vefur var opnaður í lok ársins var Primo leitarvélina notuð til að leita samtímis í því efni Landsaðgangs sem hefur verið virkjað í Primo Central Index. Primo kemur í stað leitarvélarinnar Searcher Analyzer frá fyrirtækinu TDnet, sem hefur verið í notkun frá árinu 2006.



### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Engar breytingar urðu á áskriftum í Landsaðgangi 2011 frá fyrra ári.

Gagnasöfn:

- Encyclopedia Britannica (School edition og Academic edition)
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Oxford Art Online (Grove Art)
- Oxford Music Online (Grove Music)
- Web of Science

Britannica og Oxford Art og Music Online (Grove-söfnin) eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Hægt er að sækja heildartexta greina með SFX krækjukerfinu þegar aðgangur er að grein í gagnasafni eða tímaritasafni í Landsaðgangi.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í lok árs 2011:

- EBSCOhost
  - Academic Search Premier (8.610 titlar, þar af 4.566 í fullum texta)
  - Business Source Premier (3.457 titlar, þar af 2.219 í fullum texta)
  - MasterFile Premier (2.688 titlar, þar af 1.678 í fullum texta)
- ProQuest Central (12.761 titlar, þar af um 9.700 í fullum texta)

EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár. Nokkur skörun er milli EBSCO safnanna og ProQuest.

Tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2011:

- Elsevier ScienceDirect (2.054 titlar)
- Karger Online (99 titlar)
- Sage Premier (563 titlar)
- SpringerLink (1.349 titlar)
- Wiley (Blackwell-Synergy) (765 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka.

Kostnaður við áskriftir var 210,4 milljónir kr., þar af 42,4 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 168 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200

greiðenda var 104,7 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs til Landsaðgangsins vegna gengisfalls krónunnar var 77,8 milljónir kr. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (ScienceDirect, Karger, Sage Premier, Springer og Wiley), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost og Proquest Central), aðgang að gagnasöfnum (Britannica, Oxford Online-söfnin og greinasafni Morgunblaðs) ásamt háskólabókasöfnum.

Í Landsaðgangi voru 17.648 tímarit í fullum texta og um 9.343 tímarit með útdráttum greina. Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost, ProQuest og öðrum söfnum.

### **Kostuð gagna- og greinasöfn**

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun. Samið var um aðgang að EiVillage með Compendex til þriggja ára eða til loka árs 2014.

#### **Kostuð gagna- og greinasöfn:**

➔ ASCE  
og EiVillage með Compendex

➔ OVID

#### **Aðilar sem kosta aðganginn:**

Verkfræðideild HÍ, Háskólinn í Reykjavík, EFLA verkfræðistofa, Landsvirkjun, Mannvit, Orkuveita Reykjavíkur og VERKÍS.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

### **Opinn aðgangur (OA)**

Á vef Landsaðgangsins – hvar.is, er eru krækjur á gagnasöfn og ýmislegt efni sem er opnum aðgangi (Open Access - OA). Þar eru einnig tenglar á rit sem hafa verið í áskrift í Landsaðgangi en eru nú í opnum aðgangi.

### **Samningar 2010 – 2012**

Samningur við Wiley (Blackwell-Synergy) var til loka árs 2011 en viðræður fóru fram um áframhaldandi áskrift. Samningur við Encyclopedia Britannica er til loka apríl 2012. Samningar við Morgunblaðið framlengjast um ár í senn. Aðgangur er óbreyttur frá fyrra ári.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Vefurinn hvar.is er aðal þjónustuleið Landsaðgangsins og þar er aðgangur að efni í landsaðgangi. Nýr vefur Landsaðgangs var tekinn í notkun í lok desember. Við hönnun og skipulag hans var stuðst við niðurstöður könnunar sem gerð var meðal notenda. Miðlægt á forsiðu nýja vefsins er samþætt leitarvél (Primo) en einnig er hægt að komast af vefnum beint á leitir.is og í Tímaritaskrá A-Ö. Á vefnum eru einnig tenglar í Google Scholar, HighWire og Scirus en í gegnum krækjuckerfi þessara leitarvéla er einnig hægt að komast í greinar í Landsaðgangi. Þá geta notendur sótt smáforrit eða öpp (apps) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Að auki eru tenglar á gagnasöfn í opnum aðgangi (OA) og rafrænar orðabækur í opnum aðgangi. Nýtt merki Landsaðgangs var samhliða tekið í notkun.

### **Verkefnaáætlun 2010-2011**

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla utan daglegra starfa. Á árinu lauk störfum verkefnahópur starfsmanna Lbs-Hbs um nýjan vef hvar.is.

Upptöku- og miðlunarkerfið e-Mission er notað við upptökur á viðburðum á vegum safnsins og Landsaðgangs. Upptökur af kynningum og viðburðum sem fram fara eru gerðar aðgengilegar á vefnum. Stefnt er að nota e-Mission við gerð leiðbeininga í notkun leitarvéla tímarita- og gagnasafna á árinu 2012.

Umsjónarmaður tók þátt í starfi verkefnahóps um SFX á Íslandi á vegum Landskerfis bókasafna sem rekur SFX krækjuckerfið.



## 5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 1.412 bæklingum árið 2011 samanborið við 3.200 bæklinga árið 2010.
- Umsjónarmaður var með kynningu í Landbúnaðarháskóla Íslands í mars.
- Umsjónarmaður ritaði greinar í Fréttablaðið og Morgunblaðið í tilefni Bókasafnadsins 14. apríl.
- Umsjónarmaður kynnti áskriftir Landsaðgangs og verkfræðisöfn hjá Landsvirkjun í september.
- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs nokkrum sinnum á árinu.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vef Landsaðgangs, hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Að auki voru sendar fréttir á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

Umsjónarmaður tók þátt í starfi vinnuhóps um upplýsingalæsi á vegum háskóla-bókavarða.

Umsjónarmaður tók þátt í undirbúningshópi vegna Bókasafnsdagsins 14. apríl á vegum Upplýsingar.

Umsjónarmaður veitti bókasöfnum aðstoð vegna kostaðra áskrifta í Landsaðgangi og minni sérsamlaga s.s. ASCE, EiVillage og CSA.

Umsjónarmaður sótti sýningarhluta Online Information í London í lok nóvember og ræddi við fulltrúa birgja, auk þess sem hann sótti fyrirlestra tengda sýningunni. Hann og Ingibjörg Bergmundsdóttir í upplýsingaþjónustu safnsins sögðu frá ferðinni á starfsmannafundi í desember. Erindi þeirra voru afar fróðleg og miðlun í gegnum farsíma er efst á baugi þessa dagana og framsæknu bókasöfnin erlendis eru farin að gera tilraunir á þessu sviði.

### **Tilraunaaðgangur**

Tilraunaaðgangur var að 274 rafrókum frá EBSCOhost í júní.

### **Heimsóknir**

Ingolf Kaspar hjá EBSCOhost hélt kynningu í fyrirlestrarsal Lbs-Hbs 27. apríl á rafrókum og EBSCOhost Mobile þjónustunni.

Bjorn Olofsson hjá ProQuest hélt kynningu og sýnikennslu á leitarviðmóti ProQuest Central í Þjóðarbóklöðu 20. september.

## 6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og birgjum. Þeir nota allir COUNTER-staðalinn ef frá er talin Oxford University Press sem er útgefandi Oxford Art og Music Online (Grove safnanna). Sú breyta sem helst er stuðst við eru greinar sóttar í fullri lengd. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries).

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Tímaritasöfn	2011	2010	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Elsevier ScienceDirect	259.611	275.383	-5,73%
Karger Online	4.303	7.454	-42,72%
SAGE Premier	83.885	53.621	56,44%
SpringerLink	60.491	54.118	11,78%
Wiley (Blackwell-Synergy)	50.944	72.003	-9,25%
<b>Samtals</b>	<b>459.234</b>	<b>462.579</b>	<b>-0,73%</b>

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Samsöfn	2011	2010	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
EBSCOhost	95.450	94.872	0,61%
ProQuest Central	195.668	197.506	-0,93%
<b>Samtals</b>	<b>291.118</b>	<b>292.378</b>	<b>-0,43%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Gagnasöfn	2011	2010	Breytingar
<i>Fjöldi sótttra greina í fullum texta</i>			
Encyclopedia Britannica	332.814	135.323	145,94%
Oxford Art Online (Grove Art)	4.697	6.502	-27,76%
Oxford Music Online (Grove Music)	8.677	10.512	-17,46%
<b>Samtals</b>	<b>346.188</b>	<b>152.337</b>	<b>127,25%</b>

**Tafla 4.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina.

Greinasafn	2011	2010	Breytingar
Morgunblaðið	2.942.890	2.004.420	46,82%

**Tafla 5.** Samanlagður fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Samanlagður fjöldi sótttra greina	2011	2010	Breytingar
Öll tímarita- og gagnasöfn	4.039.430	2.911.714	38,73%
Tímarita- og gagnasöfn að Morgunblaðinu undanskildu	1.096.540	907.294	20,87%

**Tafla 6.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsókna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2011	2010	Breytingar
Web of Science (heimsóknir/sessions)	238.057	197.463	20,55%
Web of Science (leitir/queries)	468.271	477.144	-1,86%

**Tafla 7.** Vefgáttin hvar.is .

Vefgáttin hvar.is	2011	2010	Breytingar
Notendur (users)	63.107	77.043	-18,09%
Heimsóknir (sessions)	103.218	130.122	-20,68%
Síðuflettingar (page impressions)	196.244	261.870	-25,06%

Umferð um hvar.is er mæld af Modernus með samræmdri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á [www.modernus.is](http://www.modernus.is). Árið 2011 var uppsafnaður fjöldi notenda um 18% færri en árið áður. (Notandi er mældur einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu). Heimsóknum fækkaði um 20,68% á árinu. Síðuflettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fækkaði um 25,06%. Í lok desember var nýr vefur Landsaðgangs – hvar.is tekinn í notkun.

## Yfirlit

Fjöldi söttra greina í tímaritasöfnum fækkaði um 0,73% miðað við fyrra ár. Sóttum greinum hjá ScienceDirect fækkar um 5,73% og um 42,72% hjá Karger. Aukning er á fjölda söttra greina hjá SAGE um 56,44% og um 11,78% hjá Springer. Fækkun er á fjölda söttra greina hjá Wiley um 9,25%.

Heildarfjöldi söttra greina í fullum texta í samsöfnum fækkar um 0,43%. Hjá EBSCOhost varð 0,61% aukning á fjölda söttra greina en hjá ProQuest varð fækkun um 0,93%.

Notkun á Encyclopædia Britannica jókst um 145,94%. Notkun hjá Oxford Art Online (Grove Art) gagnasafninu minnkaði um 27,76% og hjá Oxford Music Online (Grove Music) minnkaði notkun um 17,46%.

Fjöldi söttra greina í greinasafni Morgunblaðsins jókst um 46,82% á árinu 2011. Um er að ræða söttrar greinar sem eru eldri en 3ja ára og söttrar af íslenskum IP-tölum öðrum en köngulóm (crawlers) leitarvéla.

Samanlagður fjöldi söttra greina í tímarita-, sam- og gagnasöfnum að Morgunblaðinu meðtöldu jókst um 38,73%. Samanlögð notkun tímarita- og gagnasöfnum fyrir utan Morgunblaðið jókst um 20,87%.

Heimsóknum í tilvísanasafnið Web of Science fjölgaði um 20,55% en leitum fækkaði um 1,86%.

Fjöldi notenda á vefgáttina hvar.is fækkaði um 18,09%, heimsóknum fækkaði um 20,68% og síðuflettingum fækkaði um 25,06%.

Heildarnotkun áskrifta Landsaðgangs jókst á milli ára en aukningin var helst hjá þeim birgjum sem hafa gert gagnasöfn sín leitarbær fyrir leitarvélar eins og Google. Með þessu móti á notandinn auðveldara með að finna það efni sem hann leitar að, en það eru áskriftir Landsaðgangs sem veita aðganginn. Dæmi um þetta er aukin notkun á efni Encyclopedia Britannica og greinasafns Morgunblaðsins. Oxford University Press hefur ekki veitt leitarvélum hliðstæðan aðgang að gagnasöfnunum Oxford Art og Music Online (Grove Art og Music) en til stendur að slíkur aðgangur verði veittur á árinu 2012.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang og velja svo Notkunartölur*.

Mars 2012,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.